

5. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 14. mars 2026 í þjónustumiðstöð UMFÍ

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Guðný Stefanía Stefánsdóttir (GSS), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Margrét Sif Hafsteinsdóttir (MSH), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Skúli Bragi Geirdal (SBG), Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson (SES) á fjarfundi, Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage (SJGW) fulltrúi ungmennaráðs, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri, Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri.

Forföll boðaði: Birgir Már Bragason (BMB), Halla Margrét Jónsdóttir (HMJ).

Formaður setti fund kl. 09:07

1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

- AIP fór yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfund.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- 4. fundargerð stjórnar
- 4. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 3. fundargerð fræðslunefndar
- 2. fundargerð heiðursráðs
- 3. fundargerð úthlutunarnefndar
- þrjár fundargerðir frá Landsmótsnefnd 50+

3. Erindi frá nefndum

Tvö erindi frá Skólabúðabúðanefnd:

- Skólabúðanefnd leggur til að ekki verði haldnar sumarbúðir á Reykjum í sumar. Þörf er á að fara í ítarlega vinnu um hvort að UMFÍ vilji halda áfram með sumarbúðir og þá með hvaða hætti. - Stjórn tekur undir tillögu nefndarinnar og felur henni að vinna málið áfram.
- Frá því að UMFÍ hóf starfsemi á Reykjum árið 2022 hefur ítrekað orðið vatnsskortur á staðnum, sem valdið hefur talsverðum vandræðum og óþægindum fyrir gesti og starfsfólk. - Framkvæmdastjóra falið að ræða við sveitarfélagið um þessi mál.

4. Staða nefndarstarfs og verkefna

- Farið yfir stöðu nefndarstarfs og samantekt verkefna.

SJGW vék af fundi kl. 10:38

5. Mótahald 2026 & 2027

- Stefnt er að undirritun samnings um framkvæmd ULM 2026 í næstu viku.
- HSH lagði til að RH yrði fulltrúi UMFÍ í undirbúningsnefnd ULM 2026. Samþykkt.
- Framkvæmdastjóri og formaður verða áfram í samskiptum við ríkisvaldið vegna liðar í fjárlagafrumvarpi um mótahald 2026.

6. Svæðisstöðvar íþróttahéraða

- Mánaðaskýrslur svæðisstöðva lagðar fram til kynningar. Stjórn þakkar fyrir góðar skýrslur og yfirgripsmikla yfirferð. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að ræða við ÍSÍ um framtíðarfyrirkomulag verkefnisins.

7. Ársþing sambandsaðila

- Einhverjir sambandsaðilar hafa látið vita um hvar og hvenær þeir ætla að halda ársþing. Skrifstofan er búin að skipta þingum milli stjórnarmanna.

8. Bréf sem borist hafa

- Boð á Skátaping - móttekið.
- Frá Ungmennafélaginu Heklu vegna Landsmóts 50+ 2027. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu.

9. Fundir og ferðir

- 25.02.'26. JSI á fund hjá Rótarýklúbbsi Grafarvogs.
- 27.02.'26. JSI og AIP á fundi hjá mennta- og barnamálaráðuneyti vegna fjárlaga 2026.
- 27.02.'26. Ársþing KSÍ á Egilsstöðum. JSI mætti og flutti ávarp.
- 27.02.'26 Vígsla íþróttahúss í Búðardal. Skúli Bragi Geirdal mætti og flutti ávarp.
- 05.03.'26 Stefnumótun á Austurlandi. JSI, AIP og SÓJ mættu.
- 06.03.'26 Raddir ungs fólks á Austurlandi. JSI, AIP, SÓJ og Aldís Baldursdóttir mættu.
- 06.03.'26 Konur í íþróttum. HMJ, RH og hluti starfsfólks UMFÍ mættu.
- 13.03.'26 Fundur með forsetahjónunum, formanni og framkvæmdastjóra DGI. JSI mætti.
- 13.03.'26 Sýning DGI Verdensholdet í Garðabæ. Stjórn og starfsfólk UMFÍ mættu.

Farið yfir fundargerð í lok fundar.

Fundi slitið kl. 11:54
SÓJ ritaði fundargerð